



Fundur háskólaráðs 7. mars 2002

Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 04.03.2002 09:59:49
Dags: 07.03.2002

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4302/4303/4041
Fax: 525 4038

6/2002

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, fimmtudaginn 7. mars var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram drög að reglum um viðurkenningu Háskóla Íslands á akademísku hæfi starfsmanna á háskólasjúkrahúsinu og bréf frá Þórólfi Þórlindssyni, formanni Félags prófessora, dags. 28. febrúar 2002.
- 1.2 Lagt fram bréf frá Júlíusi Sólnes, Gísla Má Gíslasyni og Sigmundi Guðbjarnasyni, dags. 14. febrúar 2002, um breytingu á skipulagi lóðar Háskólans.
- 1.3 Lagt fram afrit af bréfi frá Kristjáni Erlendssyni, dósent við læknadeild, til Félags íslenskra framhaldsskóla um frestun á fyrirhuguðum inntökuprófum fyrir læknadeild H.Í. til júní 2003.
- 1.4 Lagt fram minnisblað yfir kjör fulltrúa í háskólaráð kjörtímabilið 1. júlí 2002 til 30. júní 2004.
- 1.5 Lögð fram Kennsluskrá H.Í. fyrir meistara- og doktorsnám háskólaárið 2002-2003.
- 1.6 Lögð fram stefna Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl. f.h. Gunnars Þórs Jónssonar á hendur Háskóla Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahúsi, dags. 27. febrúar 2002.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lögð fram skýrsla vinnuhóps um markaðs- og kynningarmál Háskóla Íslands.
- 2.2 Lagt fram erindi frá deildarforsetum viðskipta- og hagfræðideildar, guðfræðideildar, félagsvísindadeildar og lagadeildar þar sem því er beint til háskólaráðs að við endurskoðun kennslusamnings verði nemendaframlag í reikniflokki 1 hækkað meira en nemendaframlög í öðrum flokkum.
- Málinu vísað til fjármálanefndar til umsagnar.
- 2.3 Lögð fram tillaga frá Vilhjálmi Árnasyni, deildarforseta heimspekideildar, þar sem heimspekideild fer þess á leit við háskólaráð að allar tungumálagreinar deildarinnar verði færðar í hærri reikniflokk vegna tímafrekrar talþjálfunar.
- Málinu vísað til fjármálanefndar til umsagnar.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Drög að umsögnum um endurskoðaðar matsreglur kjaranefndar.
Inn á fundinn kom Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs, og gerði grein fyrir málinu. Málið var rætt ítarlega og svaraði Halldór framkomnum spurningum og athugasemdum. Lagði rektor til að fulltrúar fræðasviðanna fjögurra og kennarafélaganna í háskólaráði, formenn vísindanefndar og kennslumálanefndar og framkvæmdastjóri rannsóknasviðs fari yfir umsagnir, gagnrýnisatriði og athugasemdir sem fram hafa komið og undirbúi umsögn háskólaráðs.

- Samþykkt einróma.
- 3.2 Drög fjármálanefndar og vísindanefndar, apríl 2000, um fjárveitingar til Háskóla Íslands (dreift 29.1.02). Umræða.
Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og gerði grein fyrir málinu. Málið var rætt, einkum kostnaður við rannsóknir á ólíkum fræðasviðum, og svaraði Ingjaldur framkomnum athugasemdum.
- 3.3 Málefni sameiginlegrar stjórnýslu; markmið og helstu áherslumál 2002.
Þórður Kristinsson gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði um helstu verkefni sameiginlegrar stjórnýslu 2002.
- 3.4 Tillaga að reglum um Fræðasetur Háskóla Íslands (lögð fram 29.1.02).
- Frestað.
- 3.5 Alþjóðasamskipti.
Inn á fundinn komu Jón Torfi Jónasson, formaður alþjóðaráðs, og Karítas Kvaran, forstöðumaður Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins, og gerðu grein fyrir framlögðum drögum að yfirliti yfir stefnu, forgangsmál og ýmis verkefni sem snerta alþjóðasamskipti Háskóla Íslands. Málið var rætt.
- 3.6 Skýrsla stjórnar sjóða Háskólans ásamt tillögum um framtíðarskipan.
Inn á fundinn kom Gylfi Magnússon, dósent og formaður sjóðsstjórnar, og gerði ítarlega grein fyrir framlögðum gögnum um stöðu og tillögur sjóðsstjórnarinnar um framtíð sjóða Háskólans.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 16.35